



Borgarráð

Hagkvæmt húsnæði, Gjúkabryggja 8, framlenging á tímafresti lóðarvilyrðis

Óskað er eftir að borgarráð heimili framlengingu lóðarvilyrðis til FA40 ehf. við Gjúkabryggju 8. Lagt er til að vilyrðið verði framlengt um eitt ár eða til 5. desember árið 2024.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 5. desember 2019 var samþykkt lóðarvilyrði til FA40 ehf, til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur á lóð D í Bryggjuhverfi. Í grein 2.1 í vilyrðinu kemur fram að það falli niður verði deiliskipulag ekki samþykkt innan tveggja ára frá samþykkt vilyrðisins.

Á fundi borgarráðs þann 11. febrúar 2021 var samþykkt að framlengja vilyrðið um tvö ár eða til 5. desember 2023.

Lóðin er ekki byggingarhæf að svo stöddu. Vinna við fergingu stendur yfir og áætlað er að farghaugurinn nái fullri hæð í árslok og þurfi að standa í um það bil 6 mánuði áður en hún verður byggingarhæf.

Í ljósi þessara aðstæðna er nauðsynlegt að framlengja lóðarvilyrðið til 5. desember 2024.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara